



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjalaug, Mosfellsbæ.
Athugun með jarðsjá.

Árman Höskuldsson, Diana Brum D Silveira G Alvarez

Gert fyrir Mosfellsbæ.



HÍ

JARÐVÍSINDASTOFNUN

Reykjalaug, Mosfellsbæ.

Athugun með Jarðsjá.

Ármann Höskuldsson, Diana Brum D Silveira G Alvarez

Gert fyrir Mosfellsbæ.

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

2024

Reykjalaug, Mosfellsbæ
Athugun með jarðsjá

Gert fyrir Mosfellsbæ.

Höfundarréttur © 2024 Ármann Höskuldsson, Diana Brum D Silveira G Alvarez
Þessa skýrslu má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Allur réttur áskilinn

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands
Verkfræði og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Sturlugata 7
101 Reykjavík

sími: 525 4700

Orcid: <https://orcid.org/0000-0002-6316-2563>

Skráningar upplýsingar:

Ármann Höskuldsson, Diana Brum D Silveira G Alvarez, 2024. Reykjalaug, Mosfellsbæ. Athugun með jarðsjá.
Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Verkfræði og náttúruvísindasvið,
Háskóli Íslands 26 bls.

ISBN 978-9935-9664-3-8

Prentun: Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík, júlí 2024

Efnisyfirlit:

Innihald

1 Inngangur	6
2 Aðferðir	8
3 Jarðlagaskipan	9
4 Niðurstöður mælinga	11
5 Reitur A.	13
6 Reitur B.	20
7 Niðurstöður	23
Heimildir	25
Appendix	26

Skrá yfir myndir:

Mynd 1 Samsett mynd af Mosfellsbæ og og staðsetning rannsóknarsvæðis.....	7
Mynd 2 Loftmynd frá 1941, tekin af konunglega breska flughernum.....	7
Mynd 3. Mælisvæði A og B eru á horni Reykjavegar.....	10
Mynd 4 Mælisvæði A og B. Hér er sýnd lega strengja í jörðu.....	10
Mynd 5 Þrívíddarsnið af mælireit A.....	11
Mynd 6. Efstu jarðlög innan mælireits A.....	14
Mynd 7. Jarðlög á um 60 sentímetra dýpi.....	14
Mynd 8. Jarðlög á um 75 sentímetra dýpi.....	15
Mynd 9. Jarðlög á um 90 sentímetra dýpi.....	15
Mynd 10. Jarðlög á um 105 sentímetra dýpi.....	16
Mynd 11. Jarðlög á um 120 sentímetra dýpi.....	16
Mynd 12. Jarðlög á um 165 sentímetra dýpi.....	17
Mynd 13. Jarðlög á um 180 sentímetra dýpi.....	17
Mynd 14. Jarðlög á um 195 sentímetra dýpi.....	18
Mynd 15. Jarðlög á um 225 sentímetra dýpi.....	18
Mynd 16. Jarðlög á um 240 sentímetra dýpi.....	19
Mynd 17. Jarðlög á um 255 sentímetra dýpi.....	19
Mynd 18. Jarðlög á mælireit B.....	21
Mynd 19. Jarðlög á 120 sentímetra dýpi.....	21
Mynd 20. Jarðlög á 165 sentímetra dýpi.....	22
Mynd 21. Jarðlög á 195 sentímetra dýpi.....	22
Mynd 22. Boxmynd af mælireit A,.....	24

1 Inngangur

Aðdragandi þessa verkefnis hófst með því að Kristinn Magnússon hjá minjastofnun hafði samband og vildi athuga hvort hægt væri að fara með jarðsjá til að greina hvar og hvort Reykjalaug mætti finna í landi Syðri Reykja í Mosfellsbæ.

Reykjalaug er ein sögufrægasta baðlaug Íslands og er hennar getið í flestum ritgerðum um Ísland og íslenska landshagi eftir að Skúli fógeti gat hennar og Eggert og Bjarni lýstu henni í ferðabók sinni. Gerðar hafa verið margar samantektir er taka á sögu Reykjalaugar og örlögum ^(1,2,3,4,5,6,7,8, 9, 10, 11). Þorvaldur Thoroddsen mun líklegast hafa verið síðastur til að mæla hitastig í Reykjalaug síðla á 19. öld. Hitinn í lauginni reyndist vera um 18°C og því lítt baðhæf.

Reykjalaug er staðsett í landi Suður Reykja í Mosfellsbæ (mynd 1). Við undirbúning var farið yfir gömul túnakort sem gerð voru 1916 af Suður Reykjum og Reykjakoti. Að laugin sé ekki merkt inn á það kort má væntanlega rekja til þess að hún er kaldari en þær laugar sem skráðar eru.

Ennfremur var fengin flugmynd úr safni Konunglega Breska flughersins, NCAP (<https://ncap.org.uk/>, mynd 2). Myndin er tekin 1941 og því eftir að setuliðið hefur komið sér fyrir í dalnum.

Ekkert kom fram á þessum myndum er gat gefið til kynna betri staðsetningar Reykjalaugar, en fram hefur komið í munnlegri geymd heimamanna.

Í samráði við Kristinn Magnússon hjá Minjastofnun og Jón Magnús Jónsson á Reykjum kom fram að Jón taldi eftir föður sínum að laugina væri að finna undir veginum við stoppistöð almenningsvagnanna skammt austan við Reykjabúið. En samkvæmt Jóni Magnúsi hafði faðir hans sagt að setuliðið hefði fyllt upp í það sem eftir var af lauginni, svo breikka mætti veginn⁽²⁾.

Mánudaginn 11. mars var ákveðið að hefjast handa við mælingar. Með aðstoð Jóns Magnúsar og Kristins voru valdir tveir mælireitir, sem voru 6x10 m að umfangi.

Við mælingar var notast við 400 MHz loftnet og SIR4000 mælitæki, frá GSSI (<https://www.geophysical.com/>).



Mynd 1 Samsett mynd af Mosfellsbæ og og staðsetning rannsóknarsvæðis. Mynd World12 Imagery.



Mynd 2 Loftmynd frá 1941, tekin af konunglega breska flughernum. Mynd fengin frá NCAP⁽¹²⁾.

2 Aðferðir

Fjarkönnun er tækni sem gerir okkur kleift að greina og mæla eitthvað án þess að þurfa að snerta það beint. Þetta hugtak tengist sjónskynjun okkar, sem leyfir okkur að skynja umhverfi okkar án þess að þurfa líkamlega snertingu.

Á sambærilegan hátt virkar jarðsjá. Með jarðsjá sendum við rafsegulbylgjur ofan í jörðina með loftneti og tökum síðan á móti endurkasti þeirra með móttaka. Styrkur endurkastsins gefur til kynna hvort einhverjar breytingar séu í jörðinni undir sendi og móttaka. Mælitækið sem notað er með loftnetinu og móttakanum skráir hvenær og hversu oft bylgjan er send niður, styrkleika endurkastsins og tímann sem það kemur til móttakans. Þegar endurkast kemur til móttakans, skráir tækið tvöfaldan ferðatíma. Tvöfaldur ferðatími er sá tími sem það tekur bylgjuna að fara frá sendi og aftur til móttaka. Þessi ferðatími bylgjunnar er háður gerð jarðlaga undir sendinum. Því er hægt að umreikna ferðatíma bylgjunnar í dýpi undir mælitækinu.

Tíðni sendis ræður því hversu djúpt jarðsjáin getur séð. Því hærri sem tíðnin er, þeim mun grynna sér jarðsjáin. Hins vegar ræður tíðnin einnig hversu nákvæmlega við getum séð það sem er í jörðinni undir okkur. Því hærri sem tíðnin er, þeim mun nákvæmar greinum við undirlagið.

Við þessa rannsókn var notast við sendi og móttaka af tíðninni 400 MHz. Sendar á þessari tíðni geta séð allt að 5 metra niður í jörðina við bestu aðstæður. Hins vegar dofna greiningarhæfni mælingar með dýpi, þar sem endurkast bylgjunnar verður sífellt daufara því dýpra sem bylgjan fer.

(https://clu-in.org/characterization/technologies/default2.focus/sec/Geophysical_Methods/cat/Ground_Penetrating_Radar/).

3 Jarðlagaskipan

Staðsetning rannsóknarsvæðis er sýnd á mynd 1 og 2. Rannsóknarsvæðið er raskað af mannavöldum. Um það liggur Reykjavegur, sem má greina í öllum kortum, allt til ársins 1906 og loftmyndum frá því 1941. Í dag er þessi vegur tveggja akreina og malbikaður (mynd 3). Á rannsóknarsvæðinu eru jafnframt raflagnir og heitavatnslagnir. Lagnir í jörðu eru að jafnaði ekki dýpra en sem nemur um 1 metra (mynd 4).

Reykjalaug er sögð hafa verið með hlaðna veggri úr stein, með setbekk og niðurstigi. Þetta gefur okkur til kynna að ef mælingar fara fram á réttum stað, ættum við að sjá móta fyrir þessum hleðslum.


Við jarðsjármælingar var notast við jarðsjá með senditíðni 400 MHz. Það gerir okkur kleift að sjá niður um 3-4 metra á svæðinu. Fjölbreytileiki í jarðlögum og lögnum í jarðvegi ætti því að koma vel fram við mælingar. Greining gagnanna gefur okkur jafnframt möguleika á því að skoða rannsóknarsvæðið eins og lagköku, þar sem við getum greint mismunandi lög og mannvirki í jarðveginum.

Öll starfsemi mannsins felur í sér reglulegar breytingar á jarðlögum og inngríp inn í náttúrulegan breytileika í jarðlagagerð. Þetta getur haft áhrif á niðurstöður jarðsjármælinga, þar sem mannvirki og aðrar breytingar sem maðurinn veldur geta breytt jarðlögum og rafsegulmerkjum sem jarðsjáin nemur. Greining á þessum breytingum er mikilvæg til að skilja betur áhrif mannsins á náttúrulegt umhverfi og til að greina mannvirki eins og hlaðna veggri, setbekki og lagnir í jörðu.

Á mynd 4 eru mælingarreitir settir ofan á mynd frá kortasjá Mosfellsbæjar (<https://www.map.is/moso/>). Myndin sýnir vegstæði Reykjavegar, stoppistöð almenningsvagna og lagnir í jörðu. Rauða línan er háspennukapall, svartar línur eru rafmagnskaplar sem ekki eru í notkun. Blá lína sýnir legu lágspennukapla.



Mynd 3. Mælismæði A og B eru á horni Reykjavegar við stoppistöð almenningsvagna. Mynd World Imagery.



Mynd 4 Mælismæði A og B. Hér er sýnd lega strengja í jörðu á mælismæðinu. Háspennustrengur og notendalögn er í norð-austur horni mælismæðs A. Mælismætur B hefur aftur á móti ónotaðan rafstreng í suð-vestur horninu. Mynd tekin af kortavefsjá Mosfellsbæjar.


4 Niðurstöður mælinga

Mælireitir A og B eru sýndir á mynd 3. Hvor reitur um sig er 10x6 metrar. Báðir mælireitir eru mældir með þéttleika upp á 50 sentímetra. Þannig að hvor mælireitur fyrir sig er með 32 mælihnunur.

Með 400 MHz útbúnaðinum náum við að sjá niður á um 3 metra dýpi. Í eftirvinnslu er hraði rafsegulbylgjunnar ákvarðaður út frá þeim jarðlögum er bylgjan fer um. Í báðum tilvikum reyndist góð upplausn í mælingum niður á um 3 metra dýpi. Nákvæm greining á hraða bylgjunnar hjálpar til við að greina breytingar í jarðlögum á gefnu dýpi eftir mælihnunum.

Við úrvinnslu mælinga er beitt þrívíddar greiningu, það er, við notum okkur dýpismælinguna og þéttleiki net yfir mælireit til að draga fram breytingar undir yfirborðinu þess flatar sem er mældur hverju sinni.

Mælingar verða settar fram í myndum sem sýna mismunandi dýptarbil á greiningarreit. Til dæmis koma áhrif af háspennukapallinn fram í mælireit A. Manngerð nútíma jarðlög má greinilega sjá í þversniði og er þykkt þeirra um 1 m (mynd 5).



Mynd 5 Þrívíddarsnið af mælireit A. Boxmynd af mælisvæðinu, flöturinn (gólfíð í boxinu) markar 105 sentímetra dýpi og sýnir vel áhrif háspennukapalsins í norð austur horni mælireits (þ.e. efra vinstra horn myndar). Í þversniðunum sem koma fram í ramma myndarinnar sjást manngerð lög vegagerðar (bláir litir á mynd).


5 Reitur A.

Reitur A er sýndur á mynd 3, hann er um 60 m² að stærð og var valinn í samvinnu við Jón Magnús Jónsson á Reykjum, en hann hafði eftir föður sínum að hér væri Reykjalaug að finna. Jafnframt sagði hann að þegar háspennukapallinn hefði verið grafinn í jörð hefði þurft að breyta legu hans vegna þess að vísbending um mannvistarleifar hefðu komið fram og að faðir hans hafi því hvatt til breytinga á legu kapalsins (mynd 4).


Á myndunum er koma hér á eftir (myndir 6-17) sýnum við fleti neðan mæliyfirborðs á mismunandi dýpi. Fyrstu myndirnar (6 og 7) sýna breytileika sem tilheyrir jarðraski við vegagerð og aðra mannvirkjagerð á mælisvæðinu. Skýr merki nútíma jarðvinnslu mannsins koma fram í mælingu niður að um 100 sentímetra dýpi (myndir 6-10). Á myndum 8 til 10 kemur háspennukapall sem sýndur er á mynd 4 vel fram. Háspennukapallinn sést best á mynd 9 og 10. Ummerki háspennukapalsins dofna í mynd 11, um 120 sentímetra dýpi. Engin ummerki koma fram frá lágspennukaplinum sem sýndur er á mynd 4.

Á 120 sentímetra dýpi byrjar að móta fyrir línulegum strúktúr og áhrif háspennukapals fjara út (mynd 11). Næsta snið sem við sýnum er af um 165 sentímetra dýpi. Hér koma fram skýr merki um línulegan strúktúr sem að þverar austur hluta mælingareits frá suðri til norðurs (mynd 12). Þessi strúktúr sker sig sterkar og sterkar út, því neðar sem sniðin eru tekin (mynd 13 til 17). Mynd 17 er af um 255 sentímetra dýpi en þar byrjar línulegi strúktúrinn að dofna. Hans gætir þó niður á um 285 sentímetra dýpi.


Reitur A sýnir glögg að einhverskonar manngert fyrirbæri er að finna undir nútíma jarðlögum innan mælireits.




Mynd 6. Efstu jarðlög innan mæliareits A. Hér má ætla að allt sem kemur fram tilheyrir framkvæmdum manna hin síðari ár.




Mynd 7. Jarðlög á um 60 sentimetra dýpi sýna rask í norð austur hluta mælisvæðis. Enn erum við á svæði nútíma framkvæmda.




Mynd 8. Jarðlög á um 75 sentímetra dýpi. Hér koma fram skýr ummerki jarðraski í norð austur hluta mællireits. Efsti í horninu byrjar að móta fyrir háspennukapli.




Mynd 9. Jarðlög á um 90 sentímetra dýpi. Hér kemur háspennukapall skýrt fram þar sem hann sker norð austur horn mællireits.




Mynd 10. Jarðlög á um 105 sentímetra dýpi. Háspennukapall er skýr í norð austur horni og jafnframt kemur fram rask í suð austur horninu. Gæti verið tengt línulegum strúktúr sem kemur fram á meira dýpi.




Mynd 11. Jarðlög á um 120 sentímetra dýpi. Áhrif háspennukapals horfin. Jarðrask greinist í norð austur horninu og syðst á mællireit.




Mynd 12. Jarðlög á um 165 sentímetra dýpi. Hér er farið að móta vel fyrir línulegum strúktúr sem þverar mællireit frá suðri til norðurs. Í vestur hluta reitsins kemur fram strúktúr er teygir sig til austurs.




Mynd 13. Jarðlög á um 180 sentímetra dýpi. Hér kemur skýrt fram línulegur strúktúr á austur hluta mællireits, sem þverar frá suðri til norðurs. Í vestur hlutanum er einnig strúktúr sem kemur úr vestri og teygir sig til suðurs.




Mynd 14. Jarðlög á um 195 sentímetra dýpi. Línulegi strúktúrin á austur hluta mæltreits er mjög skýr. Jafnframt kemur fram breyting austan línulega strúktúrsins frá norðri til suðurs. Í vestur hluta mæltreits merkir enn fyrir raski eða breytingum á jarðgerð.



Mynd 15. Jarðlög á um 225 sentímetra dýpi. Línulegi strúktúrin sem þverar mæltreit í austri er skýr. Raskið eða jarðlega breytingin sem fram kom í vestur hluta mæltreits er horfin.



Mynd 16. Jarðlög á um 240 sentímetra dýpi. Strúktúrar í austur hluta mælireits koma vel fram og gefa til kynna einhverskonar hleðslu, eða mannvirkjagerð sökum þess hve reglulegir þeir eru.



Mynd 17. Jarðlög á um 255 sentímetra dýpi. Línulegi strúktúrinn enn greinanlegur og er svo allt niður á um 3 m dýpi.

6 Reitur B.


Reitur B var mældur austur af reit A (mynd 3). Reiturinn er 6x10 m eða um 60 m² að flatarmáli og valin í samráði við Jón Magnús Jónsson og Kristinn Magnússon.

Á myndunum er koma hér á eftir (myndir 18-21) er lega háspennukapals sýnd með rauðri línu og óvirkur lágspennukapall er sýndur með svartri línu. Jarðlög niður á um 120 sentímetra dýpi teljast til nútíma jarðlaga tengdum vegagerð og annarri mannvirkjagerð (mynd 18). Engin ummerki koma fram frá há- og lágspennuköplum, en samkvæmt kortasjá er háspennu-kapallinn utan svæðis. Lágspennukapallinn sker svæðið frá vestri til suðurs (mynd 18-21), kapallinn greinist ekki í mælingum.


Á 120 sentímetra dýpi sýna mælingar jarðlagaskipan fyrir nútíma vegagerð á svæðinu. Óljóst er hvað veldur breytingum hér. Mismunur er settur fram í litasamsetningu, rautt til blátt (mynd 19).

Næsta snið sem við sýnum er af um 165 sentímetra dýpi. Rauða svæðið í norðri fjarar hér út, en miðsvæðið og suðursvæðið styrkjast (mynd 20). Þetta gefur til kynna að hér sé um að ræða staðbundnar breytingar á jarðlagaskipan (mynd 20 til 21). Mynd 21 er af um 195 sentímetra dýpi. Hér byrja rauðu svæðin í suðri að sameinast og verða óskýrari.


Reitur B gefur til kynna að einhverskonar manngerðar breytingar á jarðlagaskipan megi finna undir nútíma jarðlögum innan mælireits.




Mynd 18. Jarðlög á mælireit B. Breytingar í jarðlagagerð efstu jarðlaga. Mynstur sem kemur fram við mælingu má ætla að sé tilkomið vegna vegagerðar.



Mynd 19. Jarðlög á 120 sentímetra dýpi. Sniðið sýnir breytingar í jarðlaga gerð neðan nútíma vegagerðar. Hér koma fram jarðlög með sambærilega eiginleika (rautt) en aðskilin. Nyrst er svæði sem er rekjanlegt frá austri til vesturs. Miðsvæðið sem er slitrótt og svo frekar samfellt svæði í suðri. Svæðin á mið og norður hluta myndar



Mynd 20. Jarðlög á 165 sentímetra dýpi. Nyrsti rauði flöturinn hverfur hér á meðan að miðflöturinn og syðsti flöturinn stækka. Miðflöturinn tengist við það sem kemur fram á mynd 13, þ.e. vesturhluti mælireits A.



Mynd 21. Jarðlög á 195 sentímetra dýpi. Aðgreining rauðu svæðanna verður ógreinileg.


7 Niðurstöður

Með því að beita þrívíddar greiningu má draga fram niðurstöður mælinga á mismunandi dýpi innan mælingareits. Við flettum ofan af reitnum sem mældur er sentímetra fyrir sentímetra, þar til við komum að mörkum mæligetu tækisins. Þessi uppsetning af tækinu gerði okkur kleyft að sjá 3 metra niður í jörðina. Í gegnum þessa 3 metra getum við dregið fram allar þær breytingar sem verða frá yfirborði og í þessu tilviki, niður á um 3 metra dýpi.

Þrívíddar úrvinnsla mælinganna gerir okkur kleift að skoða yfirborð á reglulegu bil, við sjáum niður fyrir vegagerðar jarðlög (síðustu 100 ár, hér eru það um 100 efstu sentímetrar rannsóknarsvæðisins), greinum rafstrenginn sem er þarna grafin í jörðu, en rafstrengurinn kemur skýrt fram í efstu lögum mælingarsvæðis og hverfur eftir að við förum niður fyrir 90 sentímetra (mynd 9 og 10).

Niðurstöður mælinga innan reits A benda til þess að þar sé að finna ummerki mannvirkis sem byrjar að koma fram á um 120 sentímetra dýpi (mynd 22). Ummerki þessa mannvirkis verða sífelld ljósari með auknu dýpi en fara dofnandi við 285 sentímetra dýpi. Líklegt verður að teljast að hér sé um að ræða einhverskonar hleðslu, þó það sé ekki hægt að fullyrða það nema með uppgreftri. Jón Magnús Jónsson hafði það eftir föður sínum að einmitt þarna væri umrædd Reykjalaug. Því verður að teljast líklegt að þarna sé um að ræða vestur barm hleðslu laugarinnar. Hinsvegar verður ekki úr því skorið öðruvísi en með uppgreftri.

Mælingar á reit B sýna hinsvegar ekki greinileg merki mannvirkja. Hinsvegar, má ætla að mynstrið sem kemur frá á mynd 18 og 19 megi rekja til vegagerðar. Mynstur sem kemur fram í reit B á 165 og 195 sentímetra dýpi (mynd 20 og 21) er hægt að tengja við mynstur er kemur einnig fram í vestari hluta reits A (myndir 13 og 14). Hér er því ekki hægt að útiloka að um mannvirki sé að ræða. Mögulega er hér um að ræða hleðslur sem lágu með gamla veginum, samkvæmt lýsingum Jón Magnúsar Jónssonar á Reykjum. Hér gæti líka verið um að ræða kísil útfellingar gamalla hvera eða fornra afrennslis leiða frá hverum. Ekki verður úr þessu skorið nema með uppgreftri.



Mynd 22. Boxmynd af mæltreit A, gólfíð í sniðinu er á 210 sentímetra dýpi. Manngerð jarðlög eru sýnd í svart hvítu og koma fram sem regluleg lög (hliðarnar á boxinu). Línulegur strúktúr, í gólfi boxins, liggur frá suðri til norðurs gefur til kynna að hér sé manngerð hleðsla. Hugsanlega er hér um að ræða vestur vegg Reykjalaugar. Austan við hleðslu strúktúrinn kemur fram sterkt endurkast sem gæti gefið til kynna setbekk sunnan megin og stigið ofan í laugina norðan megin.

Heimildir

- 1) Eggert Ólafsson. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752- 1757*. I. bindi. Útg. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson. Þýðandi Steindór Steindórsson. Reykjavík 1943.
- 2) Guðmundur Ólafsson. Minnisblað með viðtali við Jón Guðmundsson, Suðu Reykjum.
- 3) Haraldur Sigurðsson. *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík 1978.
- 4) „Kjósarsýsla. Sýslulýsingar 1744-1749“. *Sögurit XXVIII*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.
- 5) Kålund, P.E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir*. Þýð. Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1984.
- 6) Magnús Guðmundsson. *Suður-Reykir. Örnefni á Suður-Reykjum í Mosfellsbæ*. Örnefnastofnun Íslands 1991. ópr.
- 7) Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta“. *Landnám Ingólfs*. Safn til sögu þess I.1. Reykjavík.
- 8) Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók*. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898. I. Kaupmannahöfn 1913.
- 9) Agnes Stefánsdóttir, Rúna k. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. Skráning fornleifa í Mosfellsbæ. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík 2006.
- 10) Kristinn Magnússon. Reykir í Mosfellsbæ, rannsóknarskýrsla. Fornleifavernd ríkisins, 2012.
- 11) Rúna K. Tetzschner, Ragnheiður Traustadóttir og Hermann J. Hjartarson. Sólvellir og svæðið austan Reykjalundar, fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Antikva ehf, 2023.
- 12) Ljósmyndir konunglega breska flughersins, <https://ncap.org.uk/>

Appendix

Þessari skýrslu fylgja hnitsettar myndir. Til að nálgast myndirnar er lesandi beðinn um að hafa samband við höfunda skýrslunnar.